

15. Ráðstefna um rannsóknir í líf- og heilbrigðisvísindum í Háskóla Íslands

5. og 6. janúar 2011

Ráðstefnan er haldin á vegum læknadeildar, tannlæknadeildar, lyfjafræðideildar, hjúkrunarfræðideildar, matvæla- og næringarfræðideildar og sálfræðideildar, námsbrautar í sjúkráþjálfun, námsbrautar í geisla- og lífeindafræði, Miðstöðvar í lýðheilsuvísindum, og Tilraunastöðvar Háskóla Íslands að Keldum. Umsjón með ráðstefnunni hefur Vísindanefnd læknadeildar og fulltrúar annarra deilda, námsbrauta og stofnana innan heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands.

Staðsetning og tími: Háskólatorgi dagana 5. og 6. janúar 2011.

Þátttakendur: Kennarar og starfsmenn ofangreindra deilda og stofnana. Þau sem vinna að rannsóknum í samvinnu við starfsfólk deilda og námsbrauta eru jafnframt velkomin, sama gildir um kennara og starfsmenn annarra deilda Háskóla Íslands.

Þátttökugjald: Almennt gjald 13.000 kr., en 4000 kr. fyrir háskólastúdenta.

Tekið við greiðslu með VISA/Eurocard/MasterCard.

Beiðni um greiðslu fyrir þátttakendur af hálfu stofnunar, deildar eða fyrirtækis þarf að berast skriflega til framkvæmdastjóra ráðstefnunnar.

Erindi og veggspjöld: Gert er ráð fyrir stuttum erindum (10 mínútur hvert, sjö mínútur í kynningu og þrjár í umræðu) og spjaldakynningu (stærð spjalda 90 (breidd) x 120 (hæð) cm).

Höfundar taki fram hvort þeir óska eftir að halda erindi eða sýna veggspjald en Vísindanefnd áskilur sér rétt til að ákveða hvort ágríp verði kynnt sem erindi eða veggspjald til þess að hægt verði að finna öllu stað.

Ágríp: Ágríp erinda og veggspjalda verða gefin út í Fylgiriti Læknablaðsins. Ágrip skal skilað sem Word skjali á rafrænu formi til framkvæmdastjóra ráðstefnunnar.

Leiðbeiningar fyrir ágríp:

Hámarkslengd ágrípa miðast við 1800 letureiningar (characters with spaces), talið án nafna höfunda og stofnana. Ágríp skulu vera skrifuð á íslensku, flutningur erinda eða kynning veggspjalda má vera á ensku.

Eftirtalin atriði komi fram í ágrípi:

- 1) Titill, nöfn höfunda, nafn flytjanda/kynnis feitiletrað, vinnustaðir með tilvísun til höfunda, í þessari röð.
- 2) Ágrípið skiptist í kaflana: Inngangur, Efniviður og aðferðir, Niðurstöður, Ályktanir.
- 3) Ekki er tekið við töflum eða myndum.
- 4) Í titli eiga ekki að vera skammstafanir. Í texta skulu skammstafanir skýrðar með fullum texta og síðan skammstöfun í sviga á eftir.
- 5) Efnisflokkar eru allar greinar læknisfræði, tannlæknisfræði, hjúkrunarfræði, sjúkráþjálfunar, lyfjafræði, sálfræði, sem og lífeifnafræði, lífeðlisfræði, faraldsfræði, frumulíffræði, erfðafræði, ónæmisfræði, örverufræði, matvæla og næringarfræði og heilsufélagsvísinda, og skulu höfundar tilgreina efnisflokk. Efnid er miðað við reynslu undanfarinna ára, en möguleiki er að bæta við flokkum.
- 6) Tilgreina skal hvort flytjandi/kynnir ágríps er doktors- eða meistaranemi.

Athugið: Vísindanefnd áskilur sér rétt til að hafna innsendum ágrípum sem ekki fjalla um rannsókn, ekki er vandað til, uppfylla ekki ofangreind skilyrði eða kröfur um vísindalegt innihald.

Skilafrestur fyrir ágríp erinda og veggspjalda er 31. október 2010.

Skráning og framkvæmdastjórn: Menningarfylgd Birnu ehf., Birna Þórðardóttir birna@birna.is Sími: 862 8031

Vísindanefnd læknadeildar og fulltrúar deilda, námsbrauta og stofnana

Alfons Ramel	Kristín Ólafsdóttir	Sighvatur Sævar Árnason
Bergljót Magnadóttir	Magnús Gottfreðsson	Svend Richter
Hekla Sigmundsdóttir	María Þorsteinsdóttir	Unnur Anna Valdimarsdóttir
Erla Kolbrún Svavarsdóttir	Már Másson	Vilhjálmur Rafnsson, formaður
Jörgen Pind	Sigurbergur Kárason	